

## Fundargerð 402

Föstudaginn 25. janúar 2013 kl. 9:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Ráðhúsi Norðurþings á Húsavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Bergsteinn Einarsson varamaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurborg Kr. Hannesdóttir (við dagskrárlið 1-2), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Valdimar Hafsteinsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:25 og tilkynnti að Sigurborg Kr. Hannesdóttir hefði sagt sig úr stjórn vegna vinnu hennar við íbúáþing á Raufarhöfn. Sigurborg gerði grein fyrir framvindu verkefnisins og fyrirhuguðu íbúáþingi sem haldið yrði á Raufarhöfn 26. og 27. janúar nk.

GSV ræddi hæfi stjórnarmanna með tilvísun til laga um fjármálafyrirtæki.

Formaður lagði fram eftirfarandi dagskrá sem var samþykkt samhljóða:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Starfs- og rekstraráætlun 2013.
3. Fundargerðir lánanefndar.
4. Sala fullnustueigna.
  - a. ...
  - b. ...
5. Skýrsla um samfélagsáhrif lánastarfsemi Byggðastofnunar – kynning.
6. Önnur mál.
7. Næsti fundur.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 401 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

### 2. Starfs- og rekstraráætlun 2013

Formaður kynnti starfsáætlun ársins og fór yfir þau verkefni sem unnið verður að á árinu.

AÞ upplýsti að forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs hefði verið falið að gera tillögu að breytingu á lánakjörum sem lögð yrði fyrir stjórn stofnunarinnar á fundi í febrúar.

Ósk kom fram um að stjórn fengi upplýsingar á næsta fundi um kynjahlutföll stjórnarmanna í félögum sem Byggðastofnun ætti hlut í. Fram kom að Byggðastofnun ætti að vinna að því að kynjahlutföll í stjórnnum þeirra félaga sem stofnunin kæmi að væri í samræmi við lög um hlutafélög.

Rætt var um að Byggðastofnun þyrfti að markaðssetja sig og kynna betur þau verkefni sem stofnunin vinnur að. Koma þyrfti stofnuninni betur á framfæri í fjölmiðlum. Athuga þyrfti hvort ráða ætti almannatengil eða starfsmann til að sinna því starfi.

*Skipting fjár til atvinnuþróunarfélaga.*

Formaður kynnti tillögu að nýrri skiptingu á fjármagni til atvinnuþróunarfélaganna. Skipting þessa fjármagns milli félaganna hefur þótt ógegnsæ. Því er lögð fram sú tillaga að stærstum hluta fjármunanna sé skipt eftir vinnusóknarsvæðum en hluta úthlutað til svæða sem eigi við sérstök vandamál að glíma. Ákveðnir fjármunir yrðu eyrnamerkir hverjum flokki.

Vinnusóknarsvæðunum yrði skipt upp með eftirfarandi hætti:

- A. Stærstu vinnusóknarsvæðin
- B. Stærstu vinnusóknarsvæði annarra félaganna
- C. Önnur stærri atvinnusóknarsvæði
- D. Miðlungs atvinnusóknarsvæði
- E. Lítil vinnusóknarsvæði

Lagt var til að þar sem þessi skipting muni lækka framlag hjá nokkrum félögum á milli ára, muni Byggðastofnun bæta félögum það upp með eigin framlagi þannig að ekki verði um lækkun á framlögum að ræða milli ára.

Skipting á fé til atvinnuþróunar verður því eftirfarandi árið 2013:

- Atvinnuráðgjöf Vesturlands ..... 19,2 mkr.
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf..... 38,2 mkr.
- SSNV atvinnuþróun..... 19,2 mkr.
- Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar..... 16,0 mkr.
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. .... 13,0 mkr.
- Austurbrú ses. .... 22,0 mkr.
- Atvinnuþróunarfélag Suðurlands..... 24,0 mkr.
- SSS-atvinnuþróun..... 20,6 mkr.
- **Samtals..... 172,2 mkr.**

Formaður bar skiptinguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður sagði frá verkefni um sértækar aðgerðir í brothættum byggðarlögum SKH kynnti fyrirhugað íbúáþing á Raufarhöfn þar sem kallað væri eftir sjónarmiðum frá þeim sem þar búa og hvernig þetta verkefni gæti orðið fyrirmynd fyrir önnur svæði sem búið hafa við mikla fólksfækkun.

SKH vék af fundi.

Formaður bar upp starfsáætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2013 og var hún samþykkt samhljóða.

AP og MH fóru yfir rekstaráætlun 2013.

Þörf er á breytingum á húsnæði stofnunarinnar vegna aukinna umsvifa og fjallaði AÐ um þá undirbúningsvinnu sem gerð hefur verið og þær hugmyndir sem uppi eru. Hver sem niðurstaðan verður má gera ráð fyrir hærri húsnæðiskostnaði á árinu 2013.

GSV óskaði eftir því að sundurliðun á hreinum vaxtatekjum kæmi fram í rekstraráætlun og hvernig framlag í afskriftarreikning er áætlað. Verður minnisblað um það kynnt á næsta fundi stjórnar.

HÁ fór yfir rekstur fullnustueigna á árinu 2012. Óskað var eftir því að á næsta yfirliti kæmi fram leiguverð á hverri eign fyrir sig.

SBS kynnti starfsáætlun þróunarsviðs og þeim verkefnum sem sviðið vinnur að. Gert er ráð fyrir að mestur tími starfsmanna fari í Sóknaráætlanir landshluta og verkefnið um brothættar byggðir.

Formaður bar upp rekstraráætlun 2013 og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir lánanefndar.

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðir lánanefndar nr. 27/12 frá 18. desember 2012, nr. 1/13 frá 9. janúar 2013 og nr. 2/13 frá 21. janúar 2013.

Fundargerðirnar staðfestar.

### 4. Sala fullnustueigna

HÁ gerði grein fyrir tilboðum sem borist hafa í tvær fullnustueignir stofnunarinnar.

- a. ...
- b. ...

### 5. Skýrsla um samfélagsáhrif lánastarfsemi Byggðastofnunar – kynning

EGK kynnti skýrslu um samfélagsleg áhrif lánastarfsemi Byggðastofnunar sem kom út í byrjun janúar og hún ritstýrði.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru:

- um 62% af lánasafni Byggðastofnunar liggur í þeim landshlutum þar sem hagvöxtur hefur verið minnstur undanfarin ár, á Norðurlandi og Vestfjörðum.
- lánasafnið dreifist á allar atvinnugreinar en ferðaþjónusta hefur verið vaxandi í lánasafninu og er stærsti hluti þess nú vegna ferðaþjónustu eða um 28%.
- störf hjá fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við stofnunina eru nú um 3.200 talsins og eru um 5,2 mkr á bak við hvert starf m.v. stöðu lánasafnsins 30. apríl 2012 en þá voru heildarútlán stofnunarinnar 16,800 mkr.
- vísbendingar eru um að sum vinnusóknarsvæði eru orðin það veikburða að hefðbundið stoðkerfi atvinnulífsins s.s. lánveitingar Byggðastofnunar nýtist þeim ekki og því þurfi að beita sértækum aðgerðum.

- vísbendingar eru um að lánveitingar stofnunarinnar rati inn á svæði þar sem þörfin er mest.
- mest eru samfélagslegu áhrifin af lánveitingum stofnunarinnar á suðurfjörðum Vestfjarða en þar standa lánveitingar stofnunarinnar á bak við um 26% af heildartekjum á svæðinu.
- þörf er á að taka til endurskoðunar útlánahlutann í starfsemi Byggðastofnunar, bæði hvað varðar rekstrarlegar forsendur, en ekki síður þau verkfæri sem beitt er í stuðningi við atvinnulíf landsbyggðanna.

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál lögð fram.

## 7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 22. febrúar á Sauðárkróki og síðan 22. mars á Hornafirði. Fyrirhugað er að halda fund 19. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____